

FUNDARGERÐ	Tilefni fundar 1. Fundur ráðgjafanefndar fagstofnanna og eftirlitsaðila		Síður 2
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
14.2.2024	9-12	Suðurlandsbraut 24, Reykjavík	1
Fundarboðandi: Umhverfisstofnun	Fundarritarar: Marianne Jensdóttir Fjeld og Hólmfríður Þorsteinsdóttir		
<p>Fundarmenn mættir samkvæmt viðveru í fundarsal: Reynir Óli (Vegagerðin), Fjóla Rut (Hafrannsóknarstofnun), Svava Björk (VÍ), Jón Guðmundsson (LBHÍ), Berglind Orradóttir (LBHÍ), Guðni Magnús (Fiskistofa), Hörður Þorsteinsson (HES), Kristján Geirsson (Orkustofnun), Helena Marta Stefánsdóttir (Land og Skógur). Frá Umhverfisstofnun: Marianne, Hólmfríður, Carl Andreas, Halla</p> <p>Á Teams: Sunna Björk Ragnarssdóttir (NÍ), Stefán Árnason (HMS), Erlín (Náttúrustofa Austurlandss og Samtök Náttúrustofa), Sigurjón Einarsson (Land og Skógur), Hrönn Egilsdóttir (Hafrannsóknarstofnun)</p>			
Afrít sent: Á alla fundarmenn að loknum fundi			

Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið
<p>Tour de table</p> <p>Kynning á stjórn vatnamála</p> <ul style="list-style-type: none"> • <i>Lagaramminn og markmið</i> • <i>Vatnshlot og umhverfismarkmið</i> • <i>Ástandsflokkun vatnshlota</i> • <i>Mikið breytt og manngerð vatnshlot</i> • <i>Kynning á vatnavefsjá og vatn.is - ásamt skilagátt vatnamála.</i> • <i>Álagsgreining og vöktun</i> • <i>Vatnaáætlun 2022 – 2027 og réttaráhrif hennar</i> • <i>Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot</i> • <i>Hlutverk ráðgjafanefndar og stjórnýsla vatnamála</i> • <i>Vinnan og vörður framundan</i> <ul style="list-style-type: none"> • Spurt um hvort jarðvatn falli undir að vera afmarkað sem vatnshlot. Ef jarðvatn er ekki hluti af skilgreindu vatnshloti (eitt af þessum tæplega 3.000) þá þarf það ekki að lúta skilyrðum um vöktun á gæðapáttum. Vatnshlot eru afmörkuð byggt á ákveðnum forsendum s.s. stærð. Hinar almennu reglur undir stjórn vatnamála gilda þó um að allt vatn eigi að vera í góðu ástandi. Reglur s.s. rgl. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, 799/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og fleiri eiga þá við og fylgja. • Spurt um fiskinn og að hann sé ekki samþykktur gæðapáttur skv. vatnaáætlun – farið yfir þá forgangsröðun sem málaflókkurinn fór í gengum við fyrstu vatnaáætlun. Fiskur sem gæðapáttur þurfi að bíða en nú er sú vinna hafin. Nýlega komin út skýrsla um fyrstu drög að flokkun á fiski sem gæðapáttur og hægt að nota hana við adhoc vinnu.

Efni dagskrár og punktar fyrir hvern lið

- Spurt um hvort óhreinsað skólp væri að fara í varmá- Skólphreinsun í dag gerir ekki ráð fyrir hreinsun á öðrum mengunarefnum en lífrænu efni (lyfjaleifar, örplast, forgangsefni). ESB hefur samþykkt nýja skólptilskipun þar sem stífari kröfur eru settar á losun mengandi efna.
- Óvissa um áhrif framkvæmda, erfitt að taka þessar ákvarðanir t.d. hvort framkvæmdir hafa áhrif eða ekki á vatn og umhverfi – Hvað gerist ef áhrif verða á vatn eftir að framkvæmd er komin með leyfi og farin af stað? Þá er samt sem áður hægt að nota lög um stjórn vatnamál – af því að framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nær ekki umhverfismarkmiðum
- Hvað gerist þegar ástandsflokkunarkerfi liggur ekki fyrir vatnshlot? Hvað á framkvæmdaraðili að gera þá, hvernig metur hann ástandið. Munu leiðbeiningar fyrir framkvæmdaraðila fjalla um hvernig á að vinna að mati á áhrifum þegar umgjörðin er ekki til staðar?

Efni til samráðs – Samstarfssvæði nefndarinnar

- *Skýrsludrög: Aðferðir við ákvörðun á vistmegni mikið breyttra vatnshlota (Hafró, Ví og Ní)*
- *Skýrsludrög: Aðferðarfræði til að meta efnafræðilegt ástand grunnvatns (UST)*
- *Ný vatnshlot til afmörkunar (UST)*

Kosning formanns og varaformanns

Berglind Orradóttir (LBHÍ) var kosin formaður og Hörður Þorsteinsson (HES) var kosinn varaformaður